

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði.

#### 1. gr.

Frá og með 28. maí 1994 eru rækjuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.  $65^{\circ}27,5'N - 24^{\circ}00'V$
2.  $65^{\circ}05,0'N - 24^{\circ}00'V$
3.  $64^{\circ}57,0'N - 24^{\circ}20'V$
4.  $64^{\circ}55,0'N - 24^{\circ}30'V$
5.  $65^{\circ}29,4'N - 24^{\circ}30'V$

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju heimilt að stunda veiðar á ofangreindu svæði. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar. Bil á milli rimla skal vera 21 mm og halli grindarinnar um  $48^{\circ}$ . Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur sem ekki sleppur í gegnum skiljuna skilst út.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*